

Nd.

148. Frumvarp til laga

[119. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands isl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og gilda til 31. desember 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 86 frá 31. desember 1968 um breyting á lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960, var þáverandi skipan verðlagsnefndar breytt frá 1. janúar 1969. Var sú skipan lögfest í eitt ár eða fyrir árið 1969. Síðan hefur umboð nefndarinnar verið framlengt tvisvar með lögum, fyrst fyrir árið 1970 og síðan fyrir árið 1971. Fellur því umboð verðlagsnefndar niður 31. desember n. k.

Með þessum lögum er ætlunin að framlengja enn umboð verðlagsnefndar um eitt ár eða fyrir árið 1972. Sú eina breyting er gerð, að viðskiptaráðherra skipar formann verðlagsnefndar án tilnefningar, en undanfarið hefur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu gegnt því starfi skv. ákvæðum laga um verðlagsmál.